

# Hverfisráð Hríseyjar

## 103. fundur

Þriðjudaginn 04. október 2016 kl 10:00 var haldinn 103. fundur hverfisráðs í Hlein. Mættir voru: Þorgeir Jónsson, Pétur Ásgeir Steinþórsson og Claudia Werdecker.

### Dagskrá:

#### 1. Gönguleiðir og merkingar

Áætlað er að halda áfram að bæta gulu gönguleiðina. Gula leiðin á að vera meðfram bökkunum, og óskar hverfisráð eftir að skiltin/merkingar verði endurnýjuð. Einnig óskar hverfisráð eftir því að skiltin verði í samræmi við skiltin á Akureyri.

#### 2. Ljósastaurar/lýsing

Akureyrarbær tók m. a. stefnuna á að endurnýja allar kvikasilfursluktur með LED tækni. Stefnt er að því að skipulagið verði formlega samþykkt í skipulagsnefnd á næstunni. Hverfisráð er samþykkir tillöguna (Götulýsing og sérlýsing í Hrísey og Grímsey, viðauki E).

#### 3. Fornleifar í Hrísey/Hvatastaðir

Minjastaðurinn Hvatastaðir er í mikilli hættu vegna landbrots. Komin er rannsóknar- og kostnaðaráætlun vegna Hvatastaða, og er minjasafnið á Akureyri með umsjón. Orri Vésteinsson forleifafræðingur er verkefnisstjóri. Hverfisráð ítrekar að það verði aftur sótt um hjá Fornleifasjóði fyrir Hvatastaði.

#### 4. Framkvæmdir á svæði/leiktæki

Hverfisráð óskar eftir að fá leiktæki (“aparólu”) á svæðið. Komin eru tilboð frá Krumma (“hlaupaköttur með upphafspalli”) og Lappsett (“Finno: Aerial Runway”). Þorgeir Jónsson velur hentugt leiktæki í samráði við Akureyrarbæ.

#### 5. Listaverk Austurvegi

Talsverð óánægja er vegna listaverks eftir Dean Smith við Austurveg. Það er ekki búið að klára listaverkið, og margir telja það orðið hættulegt. Lagt er til að Dean Smith fái fjórar vikur til að klára listaverkið, ella verður það fjarlægð.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 10:45.

Þorgeir Jónsson  
Pétur Ásgeir Steinþórsson  
Claudia Werdecker